

# OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Rannsóknir benda til þess að margir verði fyrir ofbeldi í nánum samböndum og að það geti haft alvarleg áhrif á heilsufar þeirra. Ofbeldi byrjar oft og/eða versnar á meðgöngu. Einnig hefur verið sýnt fram á að erfiðar minningar úr fyrri samböndum geta gert vart við sig á meðgöngu. Þess vegna er mikilvægt að skima allar barnshafandi konur fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Það skiptir máli að þolendum ofbeldis sé gert kleift að segja frá því.

## ÁHÆTTUPÆTTIR

Fjölmargir þættir auka líkur á að konur verði fyrir ofbeldi í nánum samböndum, svo sem ungar aldur, litlar tekjur, þungun, geðræn vandamál, kynferðislegt ofbeldi í æsku og áfengis- og vímuefnaneysla fórnarlambs og/eða geranda. Samspil þessara þátta er flókið og erfitt að skera úr um vægi hvers og eins.

## ÁHRIF Á HEILSU FAR MÓÐUR OG BARNS

Afleiðingar ofbeldis í nánum samböndum eru af ýmsum toga og einkenni margvísleg og oft óljós. Að vera í ofbeldissambandi getur haft alvarleg og langvinn áhrif á heilsu þolandans. Mikil streita einkennir ofbeldissambond og sú streita getur m.a. aukið líkur á sálrænum erfiðleikum eins og kvíða, þunglyndi, áfallastreitu, litlu sjálfstrausti, sektarkennd, sjálfsvígum o.fl.

Á meðgöngu eru blæðingar og sýkingar algengari og einnig fósturlát. Áhættuhegðun eins og reykingar neysla áfengis og/eða lyfja á meðgöngu er einnig algengari.

Lág fæðingarþyngd, fyrirburafæðingar, lengt 1. stig fæðingar og áhalda fæðingar eru tíðari hjá þessum konum. Meginniðurstöður rannsókna eru þær að áföll í móðurkviði og á bernskuárum á borð við heimilisofbeldi geta haft skaðleg og varanleg áhrif á þroska miðtaugakerfis barnsins og þ.a.l. geðræna sem og líkamlega heilsu þess allt fram á fullorðinsár.

## SKIMUN

Skimað er fyrir ofbeldi í mæðravernd. Spurt er í einrúmi, án þess að maki eða annar fjölskyldumeðlimur sé viðstaddir. Það getur verið í fyrstu skoðun eða í 16 vikna skoðun eða á öðrum tíma ef það hentar betur. Byrjað er á að veita almennar upplýsingar um skimunina og skýra frá þagnarskyldu og meðferð upplýsinga. Skimunin felst í því að spyrja allar barshafandi konur hvort þær hafi einhvern tímamann upplifað ofbeldi.

Spurningar eins og “ertu einhvern tímamann hrædd við maka þinn?” eða “finnst þér að maki þinn reyni að ráða yfir þér og einangra frá fjölskyldu og vinum?” eða “hefur maki þinn lagt hendur á börnin þín eða hótað þeim?” eiga við ef konan býr við ofbeldi í nánu sambandi.

## MÆÐFERÐ - EFTIRFYLGD

Ef konan greinir frá ofbeldi er mikilvægt að sýna það með orðum að henni sé trúað, láta í ljós áhyggjur og útskýra fyrir henni að ofbeldi sé aldrei þolanda að kenna. Fá upplýsingar um tengsl við geranda. Mikilvægt er að styðja konuna í því sem hún vill gera og virða þær ákvarðanir sem hún tekur.

- Meta líðan
- Veita tilfinningalegan stuðning
- Veita fræðslu um heilbrigðisvandamál sem heimilisofbeldi getur valdið
- Kynna úrræði
- Fara yfir varnir og stuðning
- Gera öryggismat og áætlun

Ofbeldi í nánum samböndum. Klínískar leiðbeiningar.

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/ofbeldi-og-vanraeksla/tegundir-ofbeldis/heimilisofbeldi/>